Garðaúðun og garðsláttur

Gumma Emils

Áralöng reynsla og full réttindi.

893 0705

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX · AIR CIRCULATION SYSTEM · LIGHT WEIGHT · ECE NORM R 44/04 · HERO · ISO FIX · ADVANCED SIDE PROTECTION

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 20. JÚNÍ 2019 —

6. tölublað 3. árgangur

Setning Sólsetursháttíðar í Garði

Sólsetursháttíðin í Garði fór fram um síðustu mánaðamót. Guðmundur Sigurðsson tók þessa mynd við setningu Sólsetursháttíðarinnar.

Röng skilaboð bls. 2

Eins árs afmæli bls. 12

Skötumessa bls. 8

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Finnur þú gullstöng?

Nýr miði á næsta sölustað!

HAPPA ÞRENNAN

Skemmtilegt að skafa!

Járnabakkar
Járnabindingavörur

Erum með á lager allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf

www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is

772-3200/692-8027

Gróðurmold afgreidd beint í garðinn

á Suðurnesjum

Moldin er hrærð með íblöndunarefnum (Kalk-þrífosfat og blákorn)

Hver poki er c.a. 900 kg.

Kr. 20.000, plús vsk. - heimkomið

Upplýsingar og pantanir í síma 863-0529 og 772-0030

LEIÐARI

Sveitarfélögin verða að lækka fasteignagjöldin

Nú liggur fyrir hvernig fasteignamat breytist vegna ársins 2020. Hækkun í sveitarfélögum hér á Suðurnesjum verður frá 8,7% til 17,8% á íbúðarhúsnæði. Mesta hækkunin er í Suðurnesjabæ. Þessi hækkun bætist við miklar hækkanir fasteignamats á síðustu árum.

Sveitarfélögin leggja fasteignaskatta á húsnæði og lóðir,sem tekur mið af fasteignamati. Önnur fasteignagjöld sem einnig miðast við fasteignamat er t.d. vatnsskattur og holræsagjald. Ennfremur eru margir lóðaleigusamningar miðaðir við fasteignamat.

Það er ákvörðun bæjarfulltrúa hvers sveitarfélags að ákveða álagningaprósentu. Það getur ekki gengið þegar svo mikil hækkun verður á fasteignamati að sveitarfélögin haldi áfram óbreyttri álagningarprósentu. Sveitarfélögin verða að lækka sína álagningaprósentu. Hinir svokölluðu Lífskjarasamningar grundvallast á því að sveitarfélög,ríki og fyrirtæki haldi að sér höndum hvað varðar hækkanir.

Mesta hækkun fasteignamats á landinu varð á Akranesi. Þar hafa bæjaryfirvöld gefið það út að sú hækkin verður ekki nýtt. Álagningaprósenta verður lækkuð þannig að útgjöld heimilanna aukist ekki.Það hlýtur að vera krafa okkar hér á Suðurnesjum að að bæjaryfirvöld sveitarfélaganna gefi út sams konar yfirlýsingu að fasteignagjöld verði ekki hækkuð í takt við nýtt fasteignamat.

Varðveitum sögu Garðsins

Það er mikið atriði fyrir hvert sveitarfélag að varðveita söguna,þannig að unga fólkið og komandi kynslóðir eigi möguleika á að skoða hvernig lífshættir voru hér áður fyrr. Það er fróðlegt að sjá hinar öru framfarir sem orðið hafa á síðustu áratugum.

Á Garðskaga er myndarlegt Byggðasafn, sem Ásgeir Hjálmarsson hafði frumkvæði að stofnað væri. Þar má finna ótrúklegan fjölda muna frá fyrri tíð ásamt einstöku vélasafni sem Guðni heitinn Ingmundarson safnaði og kom í gangfært ástand.

Garðurinn var sjálfstætt sveitarfélag í 110 ár og á sér merkilega sögu sem ekki má glatast.

Guðmundur Magnússon Garðmaður hefur á síðustu árum unnið að því að koma upp ljósmyndasafni og hreyfimyndum. Þetta framtak hans er gífurlega þýðingarmikið til að varðveita söguna. Það vekur því undran að bæjaryfirvöld í Suðurnesjabæ skuli hafna erindi hans um að fá aðstöðu í Byggðasafninu til að koma upp vinnustofu og sýna ljósmyndir ásamt hreyfimyndum.

Þetta myndi lífga mjög upp á Byggðasafnið og draga að sér mun fleiri sýningargesti. Vonandi átta bæjaryfirvöld sig og endurskoða sína ákvörðun. Þetta á svo sannarlega heima á Byggðasafni Garðsins.

FASTEIGNAMAT 2020 HÆKKAR UM 6,1%

Hækkun fasteignamats	Sérbýli	Fjölbýli	Atvinnuhúsnæði
Höfuðborgarsvæðið	5,2%	4,8%	5,9%
Landsbyggð	9,1%	9,1%	9,3%
Landið allt	**6,6%**	**5,3%**	**6,9%**

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 6,1% frá yfirstandandi ári og verður 9.047 milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2020 sem Þjóðskrá Íslands kynnir í dag. Þetta er mun minni hækkun en varð milli áranna 2017 og 2018 þegar heildarmat fasteigna í landinu hækkaði um 12,8%. Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Nýja fasteignamatið miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2019. Það tekur gildi 31. desember 2019 og gildir fyrir árið 2020. Frestur til að gera athugasemdir við nýtt fasteignamat er til 30. desember 2019.

Meiri hækkun á landsbyggðinni

Samanlagt mat íbúða á öllu landinu hækkar um 6,0% á milli ára og verður alls 6.594 milljarðar króna, þar af hækkar sérbýli um 6,6% á meðan fjölbýli hækkar um 5,3%.

Fasteignamat íbúða hækkar um 5,0% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,1% á landsbyggðinni. Fasteignamat íbúða hækkar mest á Akranesi en þar hækkar íbúðarmatið um 21,6%, um 17,7% í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs (Suðurnesjabæ) og um 16,6% í Vestmannaeyjum.

Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 6,9% á landinu öllu; um 5,9% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,3% á landsbyggðinni.

Mest heildarhækkun á Akranesi

Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 5,3%, um 9,8% á Suðurnesjum, um 10,2% á Vesturlandi, um 6,7% á Norðurlandi vestra, 7,4% á Norðurlandi eystra, 6,7% á Austurlandi og um 8,0% á Suðurlandi. Matssvæðum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið fjölgað nokkuð til að matið endurspegli nákvæmar þær verðbreytingar sem orðið hafa á svæðinu með þéttingu byggðar síðustu misseri.

Af einstaka bæjarfélögum hækkar heildarfasteignamat mest á Akranesi eða um 19,1%, um 14,7% í Vestmannaeyjum og um 14,2% í Suðurnesjabæ.

Fasteignamat sumarhúsa nær óbreytt – matssvæðin fínstillt

Fasteignamat sumarhúsa fyrir árið 2020 hækkar um 0,7% á milli ára. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á aðferðafræði við útreikning á fasteignamati sumarhúsa og má þar helst nefna fjölgun matssvæða yfir allt landið auk þess sem útreikningi lóðaverðs hefur verið breytt þannig að sumarhúsalóðir undir meðalstærð lækka en lóðir yfir meðalstærð hækka. Lóðaverð sumarhúsa lækkar því að jafnaði um 23% á milli ára á meðan húsmatið sjálft hækkar um 7,5%.

Með fjölgun matssvæða er hægt að aðgreina betur fasteignamat ólíkra svæða og lækka viss strjálbyggð svæði sem hafa takmarkaðar samgöngur og eru langt frá annarri byggð. Hér má nefna svæði eins og hálendið, Flateyjardal, Norður-Þingeyjarsýslu, Siglunes, Skaga, Austurland, Norður- Múlasýslu, Mjóafjörð og fleiri svæði þar sem fasteignamat lækkar um meira en 30%. Þau svæði sem hækka mest eiga það sameiginlegt að þar eru sumarhúsalóðir að jafnaði stórar og má þar nefna svæði eins og Galtarlæk, Eystri Rangá og Hróarslæk þar sem fasteignamat hækkar um meira en 25%.

Upplýsingar um markaðsverð

Þjóðskrá Íslands hefur um árabil haldið úti verðsjá þar sem hægt er að skoða gangverð fasteigna. Verðsjáin sem var uppfærð árið 2017 hefur að geyma upplýsingar um bæði kaup- og leiguverð fyrir íbúðarhúsnæði og um kaupverð sumarhúsa. Verðsjáin er aðgengileg á heimasíðu Þjóðskrár Íslands eða beint á verdsja.skra.is.

Í verðsjánni er hægt að greina landið eftir landshlutum eða þeim matssvæðum sem fasteignamat Þjóðskrár Íslands byggir á. Þannig má með einföldum hætti sjá hvernig verðþróun hefur verið á ákveðnu svæði út frá fyrirliggjandi kaup- eða leigusamningum.

Matsforsendur alltaf aðgengilegar

Langflestar fasteignir eru endurmetnar árlega út frá nýjustu matsforsendum en eins og fyrr segir byggja þær meðal annar á þinglýstum kaupsamningum. Þetta á við um íbúðarhúsnæði og sumarhús en atvinnuhúsnæði er metið samkvæmt tekjumati.

Nánari upplýsingar um fasteignamat 2020

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um fasteignamat 2020 á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þar má finna samantekt um breytingar sem orðið hafa á matinu eftir sveitarfélögum, kort yfir matssvæði mismunandi matsaðferða, matsformúlum sem gilda fyrir árið 2020 ásamt fleiri gögnum.

Upplýsingum um fasteignamatið verður miðlað með sama hætti og undanfarin ár. Eigendur fasteigna geta frá 15. júní nálgast tilkynningarseðil um mat á eignum sínum í pósthólf sitt á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Til þess þarf rafræn skilríki eða Íslykil sem auðvelt er að sækja um sé hann ekki tiltækur. Einnig er hægt að nálgast fasteignamatið á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, www.skra.is. Tilkynning um fasteignamatið 2020 er því rafræn eins og hún hefur verið undanfarin átta ár. Hins vegar geta eigendur haft samband við Þjóðskrá Íslands og óskað eftir að fá tilkynninguna senda til sín.

Röng skilaboð í gjaldinu

Ásmundur Friðriksson ræddi mismunun í skattheimtu stimpilgjalda á Alþingi nýlega.Virðulegi forseti. Íslensk útgerð er einn framsæknasti atvinnuvegur á Íslandi og í raun eini alvöruatvinnuvegurinn sem hægt er að bera saman við alþjóðlega mælistikur. Greinin hefur mætt minnkandi kvóta með sókn á öllum vettvangi. Í umhverfismálum hefur greinin minnkað losun koltvísýrings um 50% á útfluttar afurðir. Nú eru blikur á lofti með uppsjávarveiði, engin loðna og spár um minnkandi makríl eru misvísandi og við sækjum kolmunna langt út fyrir landhelgina. Útgerðir með framtíðarsýn horfa á nýsmíði til að geta sinnt verkefnum erlendis hluta úr árinu. Virðulegur forseti. Við setjum slíkri útgerð skorður með stimpilgjöldum á skip sem flagga þarf út til að stunda veiðar í lögsögu annarra landa tímabundið. Kostnaður við að flagga út skipi getur numið á bilinu 50–70 millj. kr. og sömu upphæð þegar skipið er aftur skráð til landsins innan sama árs eða á bilinu 100–140 millj. kr. til að sækja fram. Virðulegur forseti. Engum mun detta í hug að setja slíkt gjald á flugvélar skráðar á Íslandi eða starfsemi nýsköpunarfyrirtækja sem vilja starfa erlendis með tæki sín. Stimpilgjald af notkun fiskiskipa er skattlagning til að koma í veg fyrir framþróun. Stimpilgjald á skip kemur í veg fyrir að verðmæt störf skapist fyrir íslenska sjómenn. Stimpilgjald á skip er óþolandi mismunun sem stjórnvöld setja á og hamlar framþróun og þátttöku í veiðum á fjarlægum miðum.Virðulegur forseti. Afnemum stimpilgjöld á fiskiskip. Það felast röng skilaboð í gjaldinu sem kemur í veg fyrir sköpun verðmætra útflutningsvara. Sendum skýr skilaboð til flotans um að hefja sókn á erlend mið og tryggja okkur hlutdeild í fiskstofnum sem víðast. Til þess þarf að vera jafnræði með atvinnugreinum þegar kemur að stimpilgjaldi.

Hækkar mest í Suðurnesjabæ

Fasteignarmat íbúðarhúsnæðis hér á Suðurnesjum hækkar mest í Suðurnesjabæ. Hækkunin fyrir árið 2020 er:

Reykjanesbær	**8,7%**
Grindavík	**9,6%**
Vogar	**13,6%**
Suðurnesjabær	**17,8%**

BÍLARÉTTINGAR SÆVARS

Allar almennar tjónaviðgerðir

Tjónamat

Við metum tjón fyrir öll trygging-arfélög, við það notum við Cabas tjónamatskerfi sem er tengt miðlægum gagnagrunni allra treyggingarfélaga.

Bílaréttingar

Bílasmiðirnir okkar eru með margra ára reynslu og vinna fljljótt og gott verk.

Bílsprautun

Bílasprautararnir okkar notast einungis við hágæða Spies Hecker málningu og státa af margra ára reynslu.

Fleiri skólar en áður sækja um styrk til Forritara framtíðarinnar

Styrkir til skóla nema 12 milljónum króna. Nýjar úthlutunarreglur sjóðsins auka möguleika í styrkveitingum. Styrkir ná nú til námsefnisgerðar og minni tækja.

Mikil ánægja er með nýjar áherslur Forritara framtíðarinnar og umsóknir frá skólum hafa aldrei verið fleiri. Tilgangur sjóðsins er að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Í ár styrkir sjóðurinn 30 skóla um sem nemur tæpum 12 milljónum króna að andvirði. Styrkur skiptast í tvo meginflokka, annars vegar tæpar 7,8 milljónir vegna námskeiða, námsefnisgerðar og kaupa á smærri tækjum í forritunar og tæknikennslu, og hins vegar rúmar 4,2 milljónir króna vegna tölvubúnaðar. Ljóst er að þörf skóla er mikil á þessu sviði því í ár var sótt um styrki sem í heild nema yfir 40 milljónum króna.

Að loknum stefnumótunarfundi með hagsmunaaðilum sjóðsins í vor voru gerðar breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins þannig að styrkir næðu líka til námsefnisgerðar í forritunar- og tæknikennslu að því tilskyldu að námsefnið gæti nýst víðar og til kaupa á minni tækjum til nota við slíka kennslu. Þetta er viðbót við styrki sem áður hafa verið veittir til námskeiða fyrir kennara í forritunar- og tæknikennslu og tölvubúnaðar sem nýtist í skólum eftir að hafa verið gerður upp og yfirfarinn.

Sigfríður Sigurðardóttir, formaður stjórnar Forritara framtíðarinnar:

„Breytingarnar koma í kjölfar samráðs við þá sem notið hafa stuðnings Forritara framtíðarinnar. Okkur þótti mikilvægt að hlusta á hverjar þarfir þeirra væru og þróa sjóðinn í takt við breytingar í umhverfi skólanna og laga starfsemi hans að þörfum þeirra. Með þessu uppfyllum við betur markmið sjóðsins, sem er að stuðla að aukinni fræðslu og áhuga meðal barna og unglinga á forritun og tækni, að tækjavæða skólana, auka þjálfun og endurmenntun kennara og stuðla að því að forritun verði hluti af námskrá grunn- og framhaldsskóla. Það gleður okkur mjög hversu góðar viðtökur nýjar áherslur sjóðsins hafa fengið og við hlökkum til áframhaldandi uppbyggingar og samstarfs við grunn- og framhaldsskóla landsins.“

Um Forritara framtíðarinnar:

Sjóðurinn Forritarar framtíðarinnar er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla forritunar- og tæknimenntun í grunn- og framhaldsskólum landsins. Hollvinir sjóðsins eru RB, Íslandsbanki, Landsbankinn, CCP, Icelandair, Össur, KOM ráðgjöf, Webmo design og Mennta- og menningarmála-ráðuneytið.

Nánari upplýsingar veitir Sigfríður Sigurðardóttir, stjórnarformaður Forritara framtíðarinnar og skrifstofustjóri CCP, í síma 697-3691. Sjá einnig www.forritarar.is.

Tuttugu og fimm ár frá stofnun Reykjanesbæjar

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hélt sérstakan hátíðarfund í Stapa Hljómahöll þriðjudaginn 11. júní s.l. . Tilefnið var að fagna að 25 ár eru liðin frá stofnun Reykjanesbæjar og fyrsta bæjarstjórn nýs sveitarfélags tók til starfa.

Blásið var til sóknar

Á dagskrá hátíðarfundarins var m.a. fyrri umræða um stefnumótun Reykjanesbæjar til ársins 2030 sem unnið hefur verið að í vetur sem og nýtt stjórnskipulag Reykjanesbæjar. Bærinn stendur á tímamótum. Góður árangur hefur náðst í fjárhagslegri endurskipulagningu sem unnið hefur verið að frá árinu 2014. Þá var skuldaviðmið Reykjanesbæjar um 250%. Í samstarfi við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur verið unnið mikið starf og sögulegur árangur náðst. Við afgreiðslu ársreiknings 2018 nú í vor var ljóst að sveitarfélagið hefur þegar náð undir 150% skuldaviðmið og útlit fyrir bjartari tíma framundan.

Nafnamálið var hitamál

Þegar litið er aldarfjórðung aftur í tímann má sjá að ekki gekk allt snurðulaust fyrir sig. Eftir að íbúar í Keflavík, Njarðvík og Höfnum höfðu samþykkt sameiningu í kosningum 5. febrúar 1994 hófst nafnamálið mikla sem varð mikið hitamál. Margir vildu fá nafnið Keflavík á sameinað sveitarfélag og enn aðrir Suðurnesjabær, sem sveitarfélagið var kallað eftir fyrstu nafnakosningu 16. apríl 1994.

Kosningar til sveitarstjórna fóru fram 28. maí 1994 og eins og kveðið er á um í sveitarstjórnarlögum tók ný sveitarstjórn við völdum 14 dögum eftir kosningar eða þann 11. júní 1994. Bæjarstjórnin hét fyrst um sinn bæjarstjórn Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna, enda bæjarfélagið enn nafnlaust. Fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar fór fram 21. júní 1994 í fundarsal bæjarstjórnar á Tjarnargötu 12. Á þeim fundi var Drífa Sigfúsdóttir kjörin fyrsti forseti bæjarstjórnar nýs sameinaðs sveitarfélags og Steindór heitinn Sigurðsson 1. varaforseti. Þá var Jónína Sanders kjörin fyrsti formaður bæjarráðs og Ellert Eiríksson ráðinn bæjarstjóri.

Eftir mikinn darraðardans og deilur var kosið um nafn nýtt á sveitarfélagið samhliða alþingiskosningum árið 1995. Valkostirnir voru tveir og hlaut Reykjanesbær 55% atkvæða. Þegar bæjarstjórn tók nafnamálið til afgreiðslu á fundi sínum þann 16. ágúst 1995 voru hávær mótmæli frá íbúum á og utan við fundarsal bæjarstjórnar. Einn frægasti Keflavíkingur sögunnar, tónlistarmaðurinn Rúnar Júlíusson, hótaði að flytja úr bænum í kjölfarið. Hann bar þó of mikla ást til bæjarfélagsins til að láta verða af því en hóf að einbeita sér að næsta baráttumáli, tvöföldun Reykjanesbrautar. Því verkefni er enn ólokið eins og alþjóð veit.

Þrír fyrrum bæjarfulltrúar úr fyrstu bæjarstjórn Reykjanesbæjar þau Drífa Sigfúsdóttir, Jóhann Geirdal og Jónína Sanders, munu minnast upphafsins í kaffisamsætinu í Stapa auk þess sem nemendur úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar munu flytja tónlist. Þá verða myndir frá stefnumótunarvinnu og úr 25 ára sögu Reykjanesbæjar sýndar á stórum skjá.

2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.

VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.

T408-3
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
370.000 kr.

T408
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
350.000 kr.

T418-S
1000W 60V
.
með hljómflutningstækjum.
440.000 kr.

ehjól ı Austurmörk 4 ı 810 Hveragerði ı sími:415 1690 ı ehjol@ehjol.is ı www.ehjol.is

SVEINBJÖRN INDRIÐASON RÁÐINN NÝR FORSTJÓRI ISAVIA

Stjórn Isavia hefur ráðið Sveinbjörn Indriðason í starf forstjóra Isavia og tekur hann strax við starfinu, sem hann hefur gegnt undanfarna mánuði ásamt Elínu Árnadóttur aðstoðarforstjóra.

„Sveinbjörn hefur á síðustu mánuðum sýnt mikla leiðtogahæfileika sem starfandi forstjóri Isavia. Hann hefur mikla reynslu og þekkingu á fyrirtækinu – og hefur um leið slegið nýjan tón. Það eru fjölmargar áskoranir framundan og mikilvægt að stýrt sé af festu og ábyrgð. Við treystum Sveinbirni afar vel til þeirra verka. Um leið viljum við þakka þeim fjölmörgu hæfu umsækjendum sem sóttu um starfið og þann áhuga sem þeir sýndu," segir Orri Hauksson, stjórnarformaður Isavia.

„Ég þakka það traust sem mér er sýnt með ráðningunni," segir Sveinbjörn. „Starfið er mjög spennandi og framundan margvísleg verkefni. Hjá Isavia starfar margt hæfileikaríkt og gott starfsfólk sem ég hlakka til að vinna með áfram. Isavia er mikilvægt fyrirtæki fyrir íslenskt samfélag og brýnt að reksturinn sé stöðugur til framtíðar."

Umsækjendur um starf forstjóra Isavia voru 26. Ráðningarstofan Intellecta var fengin til að annast ráðningarferlið.

Átaks er þörf segir bæjarstjóri Voga

Þessa dagana stendur yfir Umhverfisvika, undir merkjum slagorðsins „Vertu til er vorið kallar á þig". Með þessu vill sveitarfélagið hvetja íbúa sína til að huga að umhverfinu og með því gera fallega bæinn okkar snyrtilegan fyrir sumarið. Umhverfisdeildin sér um að hirða og tæma plastpoka með garðaúrgangi, sem heimilt er að skilja eftir við lóðamörk. Þá er gámur fyrir spilliefni til staðar á gámasvæðinu, og síðast en ekki síst er einnig boðið upp á að fjarlægja járnarusl s.s. bílhræ og annað sambærilegt. Það er þetta með bílhræin í bænum okkar. Heilbrigðiseftirlitið réðist í heilmikið átak síðasta sumar, sem skilaði ágætis árangri. Það er hins vegar eins og ný bílhræ spretti jafnharðan upp að nýju. Pistlahöfundur tók sig til og ók um allar íbúagötur bæjarins, og taldi fjölda númerslausra bíla í öllum götum. Flestir þessara bíla voru í innkeyrslum, sumir úti á götu og enn aðrir inni á lóðum. Ég er viss um að margir eigi erfitt með að trúa tölunni, en ég taldi 76 númerslausa bíla. Sjötíuogsex! Í einni götu eru 14 númerslausir bílar. Þetta er hreint með ólíkindum. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja alla íbúa sveitarfélagsins til að huga nú að því hvers konar umgengni þeir bjóða sjálfum sér og nágrönnum sínum upp á. Við getum gert betur en þetta. Flestir þessara númerslausu bíla eru verðlausir, þeir eiga án efa heima í endurvinnslunni. Það er hægt að láta fjarlægja þessa bíla og koma þeim í endurvinnslu hjá þar til bærum aðilum, og fæst þá skilagjald greitt. Ég vona að íbúar sjái að sér og sameinist um að taka nú til hendinni, nýta tækifærið og láta fjarlægja illa útlítandi bílhræ af lóðum sínum. Sú leið sem sveitarfélagið hefur til að takast á við vanda sem þennan er að leita til Heilbrigðiseftirlitsins og láta fjarlægja þessi bílhræ á kostnað eigenda. Vonandi þarf ekki til þess að koma. Vogahraðferð Ásgeirs Eiríkssonar bæjarstjóra.



Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallegt og gæðalegt útlit í samraæmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.

DUX®



DUXIANA
Ármúla 10
568 9950
duxiana.is

DUXIANA®
Háþróaður svefnbúnaður

SKÖTUMESSAN 2019 Í SUÐURNESJABÆ

VERÐUR HALDIN Í MIÐGARÐI GERÐASKÓLA Í GARÐI

Miðvikudaginn 17. júlí nk. verður Skötumessan enn og aftur haldinn í Garðinum. Borðhald hefst kl. 19.00 og að venju er boðið uppá glæsilegt hlaðborð af skötu, saltfiski, plokkfiski og meðlæti og rómuð skemmtidagskrá að venju flutt af fólki sem leggur okkur lið.Skólamatur sér um matinn eins og áður og skemmidagskráin samanstendur af hefðbundnum atriðum. Dói og Baldvin sjá um harmonikkuleik á meðan fólkið er að koma sér fyrir og síðan rekur hver dagskrárliðurinn sig af öðrum. Geimsteinar Suðurnesja Davíð Már Guðmundsson og Óskar Ívarsson taka nokkur lög eins og Olsenbræðurnir Erlingur og Svavar Helgasynir áður en Sigríður Á Andersen fv. ráðherra frá Móakoti í Garði flytur ræðu kvöldsins. Það er von á góðu frá þeim kvenskörungi. Þá afhendum við styrkina sem við öll erum þátttakendur í og, að lokum verða stuttir tónleikar þar sem Halldór Gunnar Fjallabróðir og Sverrir Bergman stórsöngvari skemmta Skötumessugestum. Þeir félagar harðneituðu að fá greiðslu fyrir að koma fram og leggja þannig stuðning sinn við gott málefnið.

Vilt þú verða einn af þeim.Árlega mæta rúmlega 400 manns á Skötumessuna og borða til blessunar eins og dómkirkjupresturinn orðaði það svo skemmtilega við mig. Við leggjum öll saman í þetta verkefni og erum líka öll viðstödd þegar styrkirnir eru greiddir út í lok kvöldsins. Ég spyr því þig lesandi góður. Vilt þú ekki verða einn af þeim sem leggja fötluðum og þeim sem eru hjálpar þurfi lið. Vinnufélagar og kaffifélagar víða á Suðurnesjum, nú er tækifæri til þess og við erum öll í sama liðinu og finnum hvað þetta kvöld getur skiptir miklu máli fyrir þá sem við styðjum.Verð aðgöngumiða er 5,000- kr. Það hjálpar til að greiða aðganginn inn á reikning Skötumessunnar fyrir fram eins og okkar fólk er vant en reiknisnúmerið er; 0142-05-70506, kt. 580711-0650.Nú er Skötumessan í fyrsta skipti haldinn í sameiginlegu sveitarfélagi og því sérstakt tækifæri fyrir íbúa að gera Skötumessuna að sinni árlegu bæjarskemmtun, mæta vel og styðja við verkefni í heimabyggð í Suðurnesjabæ. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest í Gerðaskóla miðvikudaginn 17. júlí, mæta tímanlega og finna sér sæti og hlusta á harmonikkutóna frá Dóa og Baldvin fyrir kvöldverðinn.Skötumessan er áhugafélag um velferð fatlaðra.

Helstu stuðningsaðilar Skötumessunnar eru; Fiskmarkaður Suðurnesja, Skólamatur ehf, Icelandair Cargo, Suðurnesjabær og fl.

Margrét nýr formaður Norræna félagsins



Norræna félagið í Suðurnesjabæ hélt aðalfund sinn föstudaginn 14.júní s.l. Félagið í Suðurnesjabæ er arftaki Norræna félagsins í Garði. Starf félagsins er öflugt og rakti erna fráfarandi formaður söguna í léttum dúr. Þar kom fram að virkni félagsins hefur verið ágætum bæði hér heima og eins hafa fulltrúar deiladarinnar heimsótt vinabæi á Norðurlöndunum.

Kynntar voru hugmyndir um starfsemi starfsársins 2019-2020 og er þar um að ræða fjölbreytta dagskrá,sem kynnt verður félagsmönnum og bæjarbúum þegar atburðir eru framundan.

Erna Marsibil Sveinbjarnardóttir gaf ekki kost á sér gaf ekki kost á sér að gegna embætti formanns. Erna hefur verið formaður síðustu 9 ár. Margrét I. Ásgeirsdóttir kjörin í hennar stað. Aðrir í stjórn eru Jónína Holm, Kristjana Kjartansdóttir, Ásta Arnmundsdóttir og Hrafn A . Harðarson. Varastjórn skipa Sigurður Jónsson og Ásta Óskarsdóttir.

Stofnmæling hrygningarþorsks með þorskanetum

Hafrannsóknastofnun hefur gefið út skýrslu þar sem greint er frá helstu niðurstöðum stofnmælingar hrygningarþorsks með þorskanetum (netarall) sem fram fór í 24. sinn dagana 24. mars til 29. apríl sl.

Stofnvísitala þorsks er svipuð og síðastliðin tvö ár, en hún hefur verið há frá árinu 2011 eftir að hafa verið í lágmarki árin 2002‐2006. Í Breiðafirði og fyrir suðaustan land hefur stofnvísitalan aldrei verið hærri í netaralli. Kanturinn fyrir austan Eyjar sker sig áfram úr og lítið fæst nú af þorski þar. Stofnvísitalan lækkar talsvert í Fjörunni frá síðasta ári, sem hugsanlega má að einhverju leyti rekja til þess að gagnasöfnun þar náði yfir óvenju langan tíma. Síðastliðinn áratug hefur vægi hrygningarsvæðanna í Faxaflóa og Breiðafirði í stofnvístölu hrygningarþorsks aukist, en hækkun hennar má að stórum hluta rekja til þessara svæða. Undanfarin ár hefur einnig orðið aukning á hrygningu þorsks fyrir suðaustan og norðan land. Ágætt samræmi er á þróun stofnvísitalna þorsks úr SMN og stofnmælingum með botnvörpu (SMB og SMH).

Ástand þorsks (hér metið sem slægð þyngd og þyngd lifrar miðað við lengd) er heldur lakara í ár en í fyrra. Talsverður breytileiki er þó á ástandi á milli svæða, aldurs og lengdarflokka. Verulegar breytingar hafa orðið á vaxtarhraða (þyngd miðað við aldur) þorsks, sem hefur aukist við vestanvert landið og við Norðurland, en minnkað fyrir suðaustan land frá því netarall hófst. Kynþroskahlutfall eftir aldri breytist ekki mikið hjá algengustu aldurshópum milli ára. Hlutfall þorskhrygna á stigi 2 (kynþroska en ekki rennandi) var hærra í ár á flestum svæðum sem bendir til þess að hrygning hafi verið heldur seinna á ferðinni.

Magn ufsa hefur farið vaxandi undanfarin ár og stofnvísitala ufsa hefur aldrei verið hærri en í ár. Mikil aukning á ufsa í Fjörunni og á Bankanum skýrir þessa hækkun, en minni breytingar voru á öðrum svæðum. Hækkunina má að mestu rekja til 7–11 ára ufsa sem er algengastur í SMN. Hlutfall ufsa á kynþroskastigi 3 (rennandi) var hátt í Fjörunni og á Bankanum sem bendir til þess að hrygning ufsa á þessum svæðum hafi verið seinna en oft áður, sem gæti að hluta til skýrt mikla hækkun á stofnvísitölu ufsa á þeim svæðum. Ljósm. Eric Dos Santos

Þjóðhátíðardegi fagnað

Það var vel mætt á 17.júní hátíðarhöld í Suðurnesjabæ sem fram fóru í og við Gerðaskóla í Garði.

Manfred Lemke flutti hátíðarræðu og fjölmargt var til skemmtunar sem unga fólkið í Garði og Sandgerði sá um.



EINBEITING AFKÖST VELLÍÐAN

Ecophon SOLO plöturnar hafa reynst einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum. Þær draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Kynntu þér hljóðvist og hvernig hún getur hjálpað þínu fyrirtæki, vinnustað eða heimili.

Ecophon

Fossaleyni 8 112 Reykjavík 577-4100
www.altak.is

ALTAK

Sterk staða Suðurnesjabæjar

Ársreikningur Suðurnesjabæjar var afgreiddur á fundi bæjarstjórnar. Rekstrarniðurstaða A-hluta er afgangur að fjárhæð 57 milljónir króna. Áætlun gerði ráð fyrir 43,7 milljónum króna í rekstrarafgang. Rekstrarniðurstaða í samanteknum reikningsskilum A og B hluta, er 53,2 milljónir króna í afgang en áætlun gerði ráð fyrir 53,6 milljónum króna í rekstrarafgang. Heildareignir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta eru 8.042 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 4.243 milljónir króna. Lífeyrisskuldbinding hækkar frá árinu 2017 og er 942 milljónir króna. Langtímaskuldir við fjármálastofnanir eru 2.611 milljónir króna og eru næsta árs afborganir langtímalána 168,8 milljón króna. Eigið fé í samanteknum reikningsskilum er 3.798 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall 47,3%. Skuldaviðmið A- og B-hluta skv. 14. gr. reglugerðar 502/2012 er 66,63%. Rekstur í samanteknum reikningsskilum A og B hluta skilaði 414 milljónum króna í veltufé frá rekstri sem er 11,1% af heildartekjum en áætlun gerði ráð fyrir veltufé frá rekstri að fjárhæð 428,2 milljónum króna. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam 217,5 milljónum króna á árinu 2018. Á árinu voru engin ný lán tekin en afborganir langtímalána voru 93,2 milljón króna. Afborganir lífeyrisskuldbindinga voru 183,8 milljónir króna en í áætlun ársins var gert ráð fyrir 6 milljónum króna. Frávik eru vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð. Handbært fé lækkaði um 15,1 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir lækkun að fjárhæð 100,8 milljónum króna. Handbært fé í árslok 2018 var 746,8 milljónir króna.

Framundan eru spennandi tímar

Bókun bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar vegna ársreiknings 2018 Suðurnesjabær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar og tók til starfa þann 10. júní 2018 og fagnar því eins árs afmæli eftir nokkra daga. Ársreikningur ársins 2018 er því fyrsti ársreikningur Suðurnesjabæjar. Niðurstöður ársreikningsins er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun ársins, sem samanstendur af fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem sameinuðust í Suðurnesjabæ. Bæjarstjórn lýsir ánægju með þá niðurstöðu og þakkar öllum stjórnendum sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við góðan rekstur. Sterk efnahagsleg staða sveitarfélagsins birtist m.a. í því að skuldaviðmið samkvæmt nýjum viðmiðunarreglum í árslok 2018 er 66,6%. Bæjarstjórn lýsir ánægju með þessa niðurstöðu en samkvæmt fjármálareglum sveitarstjórnarlaga má skuldaviðmið ekki vera yfir 150%. Á árinu 2018 var unnið að því verkefni að móta nýtt sveitarfélag og því verkefni er hvergi nærri lokið. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur lagt af mörkum mikla vinnu við þetta verkefni og fyrir það þakkar bæjarstjórn. Jafnframt hafa fjölmargir aðrir aðilar komið að þeirri vinnu og það er mat bæjarstjórnar að vel hafi tekist til við að leysa úr fjölmörgum og ólíkum verkefnum í tengslum við mótun á nýju sveitarfélagi. Framundan eru spennandi tímar með miklum áskorunum hjá Suðurnesjabæ. Það er markmið bæjarstjórnar að Suðurnesjabær veiti íbúum sínum sem besta þjónustu, þannig að búsetuskilyrði í Suðurnesjabæ séu áfram eins og best verði á kosið. Ársreikningur ársins 2018 felur í sér sterka efnahagslega stöðu Suðurnesjabæjar og á því mun bæjarstjórn byggja til framtíðar. Ársreikningur Suðurnesjabæjar 2018 samþykktur samhljóða og áritaður af bæjarstjórn. 2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚUM BETUR
BYGG
bygg.is

Nýjar íbúðir í Reykjanesbæ

Hlíðarhverfi

Skoðið teikningar á bygg.is

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttaaðstöðu sem er í næsta nágrenni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm og parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm

Skoðið teikningar á bygg.is

Strikið 1 ABC

Sjáland í Garðabæ

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu 3ja til 5 hæða fjölbýlishúsi við Strikið 1 í Sjálandi í Garðabæ, ætlaðar íbúum 60 ára og eldri.
Íbúðirnar eru 2-3 herbergja og 84-174,2 fm.
Íbúðirnar verða með vönduðum innréttingum frá Axis og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórri timburverönd.
Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Naustavör 28-34

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 28-34.
Íbúðirnar eru 76-244 fm, 2-4 herbergja.
Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.
Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.

NÝTT Í SÖLU

Skoðið teikningar á bygg.is

STUÐLABERG FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, 230 Reykjanesbær S: 420 4000
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali
studlaberg@studlaberg.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 35 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



Saga um konu sem sigrar sjálfa sig

Út er komin hjá Veröld skáldsagan Sara eftir Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur

Innilega til hamingju með afmælið þitt. Ég hef hugsað til þín lengi og oft velt því fyrir mér hvort þú gerðir þér grein fyrir hversu mikil áhrif þú hafðir á líf mitt. Ég hefði ekki orðið að því sem ég er nema af því að ég hitti þig. Þín spor í lífi mínu eru djúp og varanleg. Þú ert stórkostleg kona sem gerir lífið betra og ljúfara með því að vera hér.

Þessi skilaboð fylgja glæsilegum demtantshring sem Sara Jónsdóttir, 45 ára ekkja og einstæð móðir, fær í afmælisgjöf. Hvergi kemur fram hver er svona rausnarlegur, en hana grunar að hann sé að finna í fortíð hennar. Hún ákveður að fara í ferðalag í gegnum líf sitt í leit að þessum manni, ferðalag þar sem hún þarf að takast á við ýmsa drauga sem hafa fylgt henni.

Grípandi, einlæg og spennandi saga um konu á krossgötum sem tekst að sigra sjálfa sig.

Sara er önnur skáldsaga Árelíu Eydísar Guðmundsdótur en fyrsta skáldsaga hennar, Tapað – fundið, hlaut sérlega góðar viðtökur gagnrýnenda og sat lengi á metsölulistum.

Sara er 252 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Arndís Lilja Guðmundsdóttir hannaði kápu. Bókin er prentuð í Danmörku.

Eins árs afmæli Suðurnesjabæjar

Þann 10.júní s.l. fagnaði Suðurnesjabær eins árs afmæli. Þann dag var sameining Garðs og Sandgerðis formlega að veruleika. Á myndinni er formaður bæjarráðs Ólafur Þór Ólafsson og forseti bæjarstjórnar Einar Jón Pálsson,en listar þeirra mynda meirihluta í fyrstu bæjarstjórn Suðurnejsabæjar.

Einar Jón formaður Bílastæðasjóðs

Á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar var samþykkt að Einar Jón Pálsson tæki sæti sem aðalmaður og formaður Bílastæðasjóðs.

Fræðslu- og kynnisferð til Noregs

Hópurinn í skoðunarferð um hafnarsvæði Kristiansand í fylgd Trine og Eve, starfsmanna borgarinnar.

Hópurinn í skoðunarferð um hafnarsvæði Kristiansand í fylgd Trine og Eve, starfsmanna borgarinnar.

Í lok maí 2019 fór 7 manna hópur stjórnenda Reykjanesbæjar í fræðslu- og kynnisferð til Noregs. Alls voru 3 sveitarfélög heimsótt í ferðinni og fengu stjórnendur kynningu á margvíslegum verkefnum og áskorunum sveitarfélaganna.

Hluti hópsins skoðaði vinnslu og meðhöndlun sorps í Haugasundi ásamt því að fá kynningu á helstu áskorunum Ullensaker sem liggur næst alþjóðaflugvellinum í Gardemoen.

Eftir það var farið til Kristiansand þar sem hópurinn kynnti sér fjölbreytta starfsemi sveitarfélagsins, allt frá undirbúningi sameiningar 3ja sveitarfélag til mjög fullkomins fráveitukerfis og stórrar hafnar. (Heimasíða Rnb.)

RAFGEYMASALAN:

Þekkt fyrir góða þjónustu

Rafgeymar og rafhlöður hafa lengi verið útbreidd og nauðsynleg tæki í nútímasamfélagi en notkun þeirra fer sífellt vaxandi með sífellt aukinni rafvæðingu. En fólk þarf ekki bara á góðum rafgeymum og rafhlöðum að halda heldur líka ráðgjöf og þjónustu því fæstir hafa mikla þekkingu á rafbúnaði. Rafgeymasalan er einn helsti söluaðili rafgeyma á Íslandi en fyrirtækið er þekkt fyrir góða þjónustu á þessu sviði:

„Langmikilvægasti þátturinn í okkar starfsemi er þjónustan. Það er afar mikilvægt að mæla geyma og kanna hvort ekki sé í lagi með þá. Ef fólk er í vafa um hvort rafgeymirinn sé í lagi þá mælum við hann fyrir það," segir Sigfús Tómasson hjá Rafgeymasölunni.

Fyrirtækið veitir einnig víðtækari þjónustu en sífellt vaxandi þáttur í starfseminni er varaaflsþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir. „Iðntölvur sem stýra stórum kerfum þurfa að hafa varaafl. Við förum líka út á örkina og mælum geyma fyrir fyrirtæki og stofnanir," segir Sigfús.

Langstærsti viðskiptavinahópur Rafgeymasölunnar er þó almenningur, til dæmis bíleigendur sem fá hina rómuðu Varta-rafgeyma í bílana sína. Annað þekkt merki í rafgeymum sem Rafgeymasalan býður upp á eru Trojan-rafgeymar fyrir vinnulyftur og önnur vinnutæki.

Við flytjum líka töluvert inn af sérsmíðuðum rafgeymum fyrir fornbíla og svo erum við mjög stórir í rafgeymum fyrir mótorhjól," segir Sigfús.

En rafgeymar koma miklu víðar við sögu enda fer rafmagnsnotkun sífellt vaxandi. Rafgeymasalan er með rafgeyma fyrir öryggiskerfi, tölvu-varaafl og hjólastóla, sem og golfkerrur og golfbíla. Áðurnefndir Trojan-rafgeymar eru notaðir í golfbíla. Einnig sér fyrirtækið eigendum hjólhýsa og fellihýsa fyrir sólarrafhlöðum og rafgeymum.

Rafgeymasalan er til húsa að Dalshrauni 17 í Hafnarfirði. Opið er virka daga frá kl. 8 til 18. Símanúmer er 565 4060.

Vaxtarsproti ársins er Carbon Recycling International sem jók veltu um 193%

Fyrirtækið Carbon Recycling International hefur verið valið Vaxtarsproti ársins sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Ferðamála-, iðnaðar-, nýsköpunar- og dómsmálaráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, afhenti Vaxtarsprotann í Flórunni í Grasagarðinum í Laugardal.

Carbon Recycling International var stofnað árið 2006 en það rekur verksmiðju í Svartsengi sem framleiðir metanól úr koltvísýringi og vetni, sem er nýtt innanlands og á Evrópumarkaði. Fyrirtækið þróar jafnframt og selur heildstæða tæknilausn til að framleiða vistvænt eldsneyti og efnavöru fyrir almennan markað. Tæknin er afrakstur mikilla rannsókna og þróunar og er vernduð með einkaleyfi. Segja má að fyrirtækið hafi rutt brautina á þessu sviði en verksmiðjan í Svartsengi var sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Rekstrartekjur fyrirtækisins jukust um 193% á milli áranna 2017 og 2018, en þær fóru úr rúmum 76 milljónum króna í 225 milljónir.

Tvö önnur sprotafyrirtæki, Taktikal og Kerecis, hlutu einnig viðurkenningar fyrir vöxt í veltu en Carbon Recycling International sem sýndi mestan hlutfallslegan vöxt auk þess að uppfylla önnur viðmið dómnefndar fær nafnbótina Vaxtarsproti ársins. Taktikal sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustuhönnun fyrir rafrænar undirritanir og aðra traustþjónustu en sérfræðingar þess hafa þróað lausn sem auðveldar þjónustuveitendum innleiðingu og rekstur á rafrænum undirskriftum á sveigjanlegri hátt. Kerecis er lækningavörufyrirtæki sem notar roð til að græða sár og styrkja líkamsvefi, til dæmis við meðhöndlun á sykursýkissárum, endurgerð á brjóstum og til viðgerðar á kviðslitum.

Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Þetta er í 13. skiptið sem viðurkenningarnar eru veittar en tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í dómnefnd voru Gísli Hjálmtýsson fyrir Háskólann í Reykjavík, Lýður Skúli Erlendsson fyrir Rannsóknarmiðstöð Íslands, Salóme Guðmundsdóttir fyrir Samtök sprotafyrirtækja og Sigríður Mogensen fyrir Samtök iðnaðarins.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Júnítilboð

minnismerki.is
sala@minnismerki.is
s: 466 2800 / 899 9370

Steinn 110 - 100x57 frá sökkli - sökkull 130x30

Steinn 110 eða 101
svart granít - það sterkasta
blómarammi, hvít möl
2 fuglar
blómavasi
lugt með ledljósi
Uppsetning á N-landi
og höfðuðborgarsvæði
eða frí sending
559.000

Steinn 101 - 100x57 frá sökkli - sökkull 150x30

Svartur demantur
40x40 cm frá sökkli

sökkull 50x30

Blár demantur
40x40 cm frá sökkli

sökkull 50x30

Paradiso demantur
40x40 cm frá sökkli

sökkull 50x30

Grár demantur
40x40 cm frá sökkli

sökkull 50x30

Demantur - lugt með ledljósi- frí sending 159.000

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRID 230 HESTÖFL

- Nýr 2019 árgerð Verð kr. 4.390.000 skráður

- 2,4 lítra bensínvél 135 hestöfl + rafmagn
- Fjórhjóladrifnir
- Lyklalaust aðgengi og start
- Bakkmyndavél með hjálparlínum
- Snertiskjár
- Símkerfi
- Sæti 50/50 leður
- Hraðastillir
- Metalic lakk
- Þokuljós
- Aðgerðarstýri
- Hiti í framsætum
- USB innstungur

- Start/stop Automatic
- Dekkjaþrýsti kerfi
- Leðurstýri
- 18" álfelgur
- Apple CarPlay
- Blátannabúnaður
- Loftkæling 2 rása
- Regn- og ljósaskynjari
- Rafm. hitaðir speglar og aðfellanlegir
- Borðtölva
- Dráttarkúla aftengjanleg (kostar kr. 11.000 auka)
- 5 ára ábyrgð
- 8 ára ábyrgð á rafgeymum og hleðslu

bosal.is

UPPLÝSINGAR GEFUR BÓAS EÐVALDSSON
BOSAL.IS - SÍMI 777 5007 - EMAIL BOAS@BOSAL.IS - HAFNARGATA 28, 710 SEYÐISFIRÐI

6. tölublað 3. árgangu

SUÐURNESJABLAÐIÐ

Dreift í **10.000** eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Sigmundur Davíð og strengurinn

Forysta Miðflokksins varð sér til mikillar skammar á Klausturbarnum fyrir nokkrum vikum vegna sóðakjafts og svívirðinga yfir bjórglösum um samstarfsfélaga sína og til viðbótar sýndu þeir ákveðnum hópum sem minna mega sín í þjóðfélahginu mikla lítilsvirðingu.

Eftir smá hlé sumra í flokknum hefur þeim aftur tekist að hneyksla þjóðina með óhóflegu málþófi um þriðja orkupakkann. Alveg sama hvaða skoðun menn hafa á þeim pakka þá hlýtur allt að vera komið fram eftir yfir 100 klukkustunda spjall Miðflokksmanna við sjálfa sig.

Þeir segja að orkupakki 3 sé hættulegur fyrir Íslendinga. Við færum að selja Bretum rafmagn með lagningu sæstrengs verði hann samþykktur.

Merkilegt að eini stjórnmálamaðurinn sem hefur átt í formelgum viðræðum við þáverandi forsætisráðherra Breta David Cameron um lagningu sæstrengs er Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Er hægt að taka mark á svona málflutningi?

Auglýsingadeildin er opin alla virka daga frá kl. 9:00 – 17:00.
Auglýsingasíminn er 578-1190